

DRÖG

Starfsáætlun Leikholts

Skólaárið 2022 - 2023

Efnisyfirlit	
Inngangur	3
Hagnýtar upplýsingar	3
Umsóknir	3
Skóladagatal	3
Forföll, frí og seinkomur	3
Veikindi barna	4
Upplýsingamiðlun	4
Matur og matartímar	4
Fatnaður og aðbúnaður	5
Listi yfir fatnað og aðbúnað sem er gott að hafa með í leikskólann	5
Reglur	5
Að koma og fara	5
Leikföng	5
Afmæli	5
Skipulag og stjórnun	6
Leikskólastjóri	6
Staðgengill leikskólastjóra	6
Deildarstjórar	6
Skipurit	6
Mannauður	7
Listi yfir starfsfólk 2022-2023	7
Áherslur í skólastarfi og þróunarstarfi skólaárið 2022 - 2023	9
Helstu viðburðir og vettvangsferðir	9
Samstarfsaðilar, ráð og nefndir	10
Foreldrar	10
Foreldrar og aðlögun barna	10
Foreldraráð og foreldrafélagið Leiksteinn	10
Starfsáætlun foreldrafélagsins Leiksteins veturinn 2022-2023	11
Þjórskóli	11
Samstarfsáætlun skólaársins	11
Tónlistaskóli Árnesþings	12
Aðrir leikskólar	12
Trúfélög	12
Heilsugæsla	12
Brunavarnir Árnessýslu	12
Samstarfsaðilar úr nærsamfélaginu	12
Skólanefnd sveitarfélagsins	12
Áheyrnfulltrúar leikskólastarfs í skólanefnd eru:	13
Áætlanir, stefnur og verkferlar	13
Starfsþróunaráætlun	13
Umbótaáætlun skólaársins	13
Óveðursáætlun	13
Fáliðunaráætlun	13
Viðbragðsáætlanir	14
Viðbrögð við slysi	14
Viðbrögð við áföllum	14
Viðbrögð við jarðskjálfta	14
Viðbrögð við eldsvoða	14
Rýmingaráætlun	14
Drög að viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað	14

Inngangur

Leikskólinn Leikholt er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Leikskólinn er staðsettur í Brautarholti sem er í um 20 mínútna fjarlægð frá Selfossi. Leikskólinn er þriggja deilda leikskóli. Á hverri deild eru um 7-16 börn. Á leikskólanum eru um 40 nemendur frá aldrinum 1. árs til 6 ára. Við leikskólann vinnur samheldin hópur um 15 starfsmanna þar sem lögð er áhersla á samvinnu milli starfsfólks. Markmið leikskólans er að öllum líði vel í leikskólanum og að hér ríki gleði, vinsemd og virðing og stuðlað sé að umburðarlyndi og víðsýni barna. Að hver einstaklingur er einstakur og á að fá að njóta sín á eigin forsendum.

Yngsta deild leikskólans heitir **Hekla**, miðdeildin heitir **Hestfjall** og elsta deildin heitir **Vörðufell** og vísa nöfnin til staðsetningu deildanna en það sést til þessara fjalla frá deildunum.

Hagnýtar upplýsingar

Umsóknir

Sótt er um leikskólaláss rafrænt á vef sveitarfélagsins skeidgnup.is. Mikilvægt er að sækja tímanlega um leikskólaláss.

Sótt er um fæði í umsókninni um leikskólaláss. Hægt er að sækja um fullt fæði sem er morgunmatur, hádegismatur og síðdegiskaffi. Leikskólinn býður þess að auki upp á ávexti í ávaxtastund að morgni hvers dags, ekki er greitt fyrir ávaxtastund. Hægt er að skja um breytingu á fæði beint til leikskólastjóra á netfangið leikholt@leikholt.is og miðast breytingar við næstu mánaðarmót. Hafi barn verið fjarverandi í fimm daga samfleytt er matargjald fellt niður fyrir þá daga.

Sótt er um vistun á tímanum 8:00 – 16:00 fyrir hvern dag. Hægt er að sleppa úr dögum eða hafa vistun breytilega eftir dögum. Einnig er hægt að sækja um umframvistun frá kl. 7:45 (að því gefnu að það náist lágmarkspátttaka um þrjú börn á þeim tíma).

Skóladagatal

Gul merktir dagar eru sumarfrisdagar þar sem leikskólinn er lokaður. Reitir sem eru merktir í sama lit og helgar eru frídagar samkvæmt íslensku frídagatali. Dagar merktir með grænum lit eru skipulagsdagar og þá daga er leikskólinn lokaður. Á dagatali eru merktir valfrjálsir dagar sem þýðir að skrá þarf börnin sérstaklega þessa daga. Inn á dagatalið eru einnig merktir inn allskonar uppbrotsdagar þar sem eitthvað sérstakt er á dagskrá. Uppbrotsdagar eru merktir til til upplýsingar til foreldra en eru ekki bindandi. Aðrir merktir dagar eru bindandi eftir að skólanefnd sveitarfélagsins hefur samþykkt skóladagatalið.

Forföll, frí og seinkomur

Forföll eru tilkynnt með því að senda skilaboð í deildarsíma eða með því að hringja í leikskólann eða með tölvupósti á leikholt@leikholt.is. gott er að láta vita fyrir kl. 9:00 á morgnana.

Ef sótt er seint er innheimt gjald fyrir hverjar hafnar 15 mínútur og einnig ef barn mætir fyrir umsaminn vistunartíma.

Veikindi barna

Útivist er mikilvægur þáttur leikskólastarfsins og börnin fara út á hverjum degi, alla jafna er gert ráð fyrir að börnin geti tekið fullan þátt í skólastarfinu.

Þegar börn byrja í leikskóla komast þau í tæri við bakteríu- og veirufloðu sem þau þekktu ekki áður og algengt er að þau sýkist af þeim og sum eru oft veik fyrsta árið. Um tveggja ára aldurinn fara þau að mynda mótefni við þessum sýkingum sem ver þau svo í framtíðinni (2023, heilsuvera).

Inn á vef heilsuveru ([sjá hér](#)) er stutt samantekt um algengustu smitsjúkdóma barna, hvenær þau eru smitandi og hvenær er óhætt að þau fari aftur í skólann. Leikskólinn styðst við þessa samantekt.

Upplýsingamiðlun

Allar mikilvægar upplýsingar frá leikskólanum berast foreldrum með tölvupósti. Skipulögð foreldraviðtöl eru haldin a.m.k. einu sinni á ári. Tilgangur viðtalanna er að skiptast á upplýsingum um barnið og efla samstarf milli leikskóla og heimilis. Foreldrar geta einnig óskað eftir viðtölum eftir þörfum

Leikskólinn styðst við lokaðan Facebook hóp sem er notaður í þeim tilgangi foreldrar fái að skyggjast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir og texta frá daglegu starfi. Fyrirhugað er að skipta Facebook út fyrir heppilegri vettvang til samskipta og upplýsingagjafar.

Á haustin eru haldnir kynningafundir þar sem foreldrum gefst tækifæri á að kynna sér skólastarfið betur. Alla jafna sjá deildarstjórar hverra deildar um helstu foreldrasamskipti auk hópstjóra. Leikskólastjóri upplýsir foreldra um helstu þætti og breytingar í skólastarfinu og koma upplýsingar frá leikskólastjóra alltaf bæði inn á Facebooksíðu leikskólans og með tölvupósti til foreldra.

Matur og matartímar

Hádegisverðurinn kemur úr mötuneytinu í Árnesi og eru því börnin að fá sama mat og nemendur í Þjórsárskóla. Í Leikholti er lögð áhersla fjölbreyttan og hollan mat. Í morgunmat fá börnin lýsi alla daga og til skiptis morgunkorn og hafragraut.

Matseðil leikskólans er sendur í tölvupósti til foreldra og er einnig að finna á Facebook síðu Leikhólts og hangir hann einnig útprentaður á vegg í anddyrinu.

Morgunmatur er í boði frá kl. 8:00 – 8:30. Hádegisverður á bilinu 11:30 – 12:30 og síðdegishressing er frá kl. 14:30 – kl. 15:15.

Fatnaður og aðbúnaður

Í Leikholti er alltaf farið út a.m.k. einu sinni á dag í alls konar veðrum. Börnin taka þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum í leikskólanum því er mikilvægt að klæðnaður þeirra sé þægilegur og styðji börnin til sjálfshjálpar.

Alla daga verða börnin að hafa góð útiföt og aukaföt til skiptanna. Fatahólfín í anddyrinu eru ekki stór og rúma því miður ekki leikskólatöskur eða poka. Því er gert ráð fyrir að foreldrar taki upp úr töskum og pokum í byrjun hverjar viku og taka töskuna/pokann aftur heim. Í lok vikunnar er nauðsynlegt að tæma fatahólfin. Þegar blaut eða óhrein föt eru send heim er góð regla að koma með sambærileg föt í leikskólann daginn eftir. Allir foreldrar eru beðnir um að koma með margnota poka sem notaður er þegar senda þarf eitthvað heim. Mikilvægt er að allar eigur barnanna séu merktar.

Listi yfir fatnað og aðbúnað sem er gott að hafa með í leikskólann.

Aukaföt 2 samfellur/nærföt. 2 sokkabuxur/gammósíur/sokkar. 2 þunnar peysur. 2 buxur. Fjölnota poka til að senda blaut/óhrein föt á milli.

Útiföt: Stígvél/skór (kuldaskór þegar fer að kólna). Regngalli (einnig er gott að eiga vindgalla). Kuldagalli (þegar fer að kólna). Flísbuxur/hlýjar buxur (undir pollagalla, þegar fer að kólna). Hlý peysa (helst ullarpeysa). Húfa (gott að eiga þunna húfu/buff fyrir vor og sumar). Vettlingar og ullarsokkar (gott að vera með allavega tvö pör af vettlingum í hólfinu, mælum með þéttum ullarvettlingum).

Annar útbúnaður: **Bleyjur**, foreldrar þurfa að koma með bleyjur. Til staðar eru aðrar hreinlætisvörur ásamt ásamt smyrslum og kremum. Ef foreldrar vilja að ákveðin smyrsl eða krem séu notuð á húð eða bleyjusvæði barna sinna þá má láta þau fylgja með og eru þau geymd í hólfum barnanna við skiptiaðstöðu.

Reglur

Að koma og fara

Nauðsynlegt er að þegar barn kemur í leikskólann að því sé skilað í hendur starfsmanns og einnig þarf að láta starfsmann vita þegar barn er sótt. Láta þarf vita ef ókunnugur aðili sækir barn. Ef barn er í pössun og foreldrar eru í burtu er mikilvægt að láta leikskólann vita nafn og símanúmer umsjónaraðila.

Leikföng

Almenna reglan er sú að leikföng skulu geymd heima. Yngstu börnin mega hafa með sér bangsa til að hafa í hvíldinni. Öðru hverju eru leikfangadagar og þá mega börnin koma með leikfang að heiman.

Afmæli

Ekki er gert ráð fyrir því að leikskólinn sé vettvangur til þess að bjóða í afmæli eða á aðra viðburði.

Skipulag og stjórnun

Leikskólastjóri

Leikskólastjóri veitir skólanum forstöðu og stýrir daglegu starfi skólans.

Leikskólastjóri er Anna Greta Ólafsdóttir.

Alla jafna er alltaf hægt að koma og ræða við leikskólastjóra, einnig er hægt að hafa samband símleiðis í síma 486 5586 eða með því að senda tölvupóst á leikholt@leikholt.is.

Staðgengill leikskólastjóra

Í upphafi hvers skólaárs er ákveðið hver úr hópi kennara verður staðgengill leikskólastjóra út skólaárið. Staðgengill starfar aðeins í fjarveru og forföllum leikskólastjóra.

Staðgengill leikskólastjóra er Haukur Vatnar Viðarsson deildarstjóri á Vörðufelli.

Deildarstjórar

Við leikskólann starfa fjórir deildarstjórar. Einn fyrir hverja deild. Í leikskólann eru þrjár barnadeildir og ein stoðdeild. Deildarstjóri er yfirmaður hverrar deildar, aðrir starfsmenn deilda vinna ýmist samkvæmt starfslýsingu kennara, háskólamenntaðs starfsfólks á leikskóla eða starfslýsingu almenns starfsfólks við kennslu, umönnun og uppeldi barna. Á hverri deild starfa tveir til fjórir aðrir kennarar og starfsfólk. Á hverri deild eru svo um 10 – 17 börn.


Deildarstjóri Heklu (yngsta deild) er Oddný Stefanía Steinþórsdóttir.

Deildarstjóri Hestfjalli (miðdeild) er Helga Guðlaugsdóttir.

Deildarstjóri á Vörðufelli (elsta deild) er Haukur Vatnar Viðarsson.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Oddrún Ýr Sigurðardóttir.

Skipurit



Mannauður

Skólaárið 2022 – 2023 starfa við leikskólann 14 manns í mismiklu starfshlutfalli. Gert ráð fyrir 11.5 stöðugildum inn á deildum. Viðvera starfsfólks á deildum með börnunum eru um 10 stöðugildi (þar sem ákveðinn tími starfsfólks fer í annað en viðveru með börnum, svo sem undirbúnings). Auk þess er 100% stöðu leikskólastjóra, 65% stöðu sérkennslustjóra og 55% stöðugildi í eldhúsi. Hlutfall kennara er það hæsta á landinu eða um 60% starfsfólks sem vinnur við kennslu og uppeldi er með kennaramenntun auk þess er deildarstjóri stoðþjónustu þroskaþjálfari. Þrír starfsmenn á deildum eru háskólamenntað starfsfólk á öðru sviði en kennslu og þrír starfsmenn starfa sem almennir starfsmenn í leikskóla. Kynjahlutfallið þetta skólaárið er 80% konur og 20% karlar en það starfa þrír karlmenn við leikskólann, tveir inn á deildum og einn í eldhúsi.

Listi yfir starfsfólk 2022-2023

- Aleksandra Mróz
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra. Starfsheiti: háskólamenntaður starfsmaður í leikskóla.
 - Deild: Vörðufell.Menntun: MA í landafræði.
- Anna Greta Ólafsdóttir
 - Starfssvið: Stjórnun leikskólans.
 - Starfsheiti: Leikskólastjóri.
 - Deild: Leikskólinn.
 - Menntun: Kennari, BSc. Íþróttufræði, MA í menningarstjórnun, ólokið diploma í opinberri stjórnsýslu.
- Anna María Gunnþórsdóttir – í leyfi
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.
 - Starfsheiti: Leikskólaliði á leikskóladeild.
 - Deild: Hekla.
 - Menntun: leikskólaliði.
- Eydís Moon Guðmundsdóttir
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.
 - Starfsheiti: Starfsmaður í leikskóla.
 - Deild: Hestfjall.
- Eyþór Brynjólfsson,
 - Starfssvið: Framreiðsla mats, undirbúningur og frágangur í eldhúsi.
 - Starfsheiti: aðstoðarmatráður.
- Halla Rún Erlingsdóttir
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.
 - Starfsheiti: Starfsmaður í leikskóla.
 - Deild: Vörðufell.

- Menntun: leikskólaliðanemi.
- Haukur Vatnar Viðarsson,
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna. Stjórnun og skipulag deildar.
 - Starfsheiti: Deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra.
 - Deild: Vörðufell.
 - Menntun: Leikskólakennari.
- Helga Guðlaugsdóttir
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna. Stjórnun og skipulag deildar.
 - Starfsheiti: Deildarstjóri.
 - Deild: Hestfjall.
 - Menntun: Leikskólakennari.
- Ingimar Örn Hafsteinsson
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.
 - Starfsheiti: Starfsmaður í leikskóla.
 - Deild: Allar deildir.
- Kristín Ósk Ómarsdóttir
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna.
 - Starfsheiti: Leikskólakennari á deild.
 - Deild: Hekla.
 - Menntun: Leikskólakennari, MA í félagsráðgjöf, M.Ed í menntunarfræðum leikskóla.
- Lísbet Nílsdóttir
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna.
 - Starfsheiti: Leikskólakennari á deild.
 - Deild: Vörðufell.
 - Menntun: Leikskólakennari.
- Oddný Stefanía Steinsþórsdóttir
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna. Stjórnun og skipulag deildar.
 - Starfsheiti: Deildarstjóri.
 - Deild: Hekla.
 - Menntun: Leikskólakennari.
- Oddrún Ýr Sigurðardóttir
 - Starfssvið: Þroskaþjálfun og sérkennsla leikskólabarna. Stjórnun og skipulag stoðþjónustu.
 - Starfsheiti: Deildarstjóri.
 - Deild: Stoðþjónusta.
 - Menntun: Þroskaþjálfari.
- Rakel Þórarinsdóttir- í leyfi
- Sára A. Herczeg
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.
 - Starfsheiti: Háskólamenntaður starfsmaður í leikskóla.

- Deild: Hestfjall.
- Menntun: BA í ungversku.
- Ursula Pigel,
 - Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólubarna undir handleiðslu deildarstjóra.
 - Starfsheiti: Háskólamenntaður starfsmaður í leikskóla.
 - Deild: Hekla.
 - Menntun: BA í heimspeki og siðfræði.

Áherslur í skólastarfi og þróunarstarf skólaárið 2022 - 2023

Lögð er höfuð áhersla á farsæld, velferð og vellíðan barna í öllu starfi leikskólans. Unnið er að stefnumótun og áherslum fyrir sveitarfélagið allt og út frá þeirri stefnu verður unnin ný skólanámskrá og settar fram áherslur í skólastarfi í samræmi við nýja skólastefnu.

Leikholt er grænfánaskóli og vinnur markvisst að umhverfisvernd og sjálfbærni. Þróunarstarf þetta skólaárið tengist umhverfismálum og lögð er áhersla á að finna frekari leiðir til þess að minnka sóun meðal annars með því að hætta notkun á handþurrkum á öllum salernum á efri hæð leikskólans. Eitt af áhersluverkefnum skólaársins er einnig að innleiða verkefni um moltuorma.

Verkefnastjóri grænfánaverkefnisins er Aleksandra Mór.

Helstu viðburðir og vettvangsferðir

- **Afmæli barnanna:** Á afmælisdögum barnanna búa börnin til afmælistónu og börnin á deildinni syngja afmælisönginn fyrir afmælisbarnið og afmælisbarnið fær að vera söngstjóri í afmælisöngstund.
- **Dagur læsis:** Markmið hans er að vekja athygli á mikilvægi læsis og að hvetja til aukins lesturs og vinnu við á leikskólanum því sérstaklega með þætti tengda læsi á þessum degi.
- **Dagur íslenskrar náttúru:** Á degi íslenskrar náttúru vinnum við með ýmislegt tengt deginum og fræðum börnin um íslenska náttúru.
- **Bangsa- og náttfatadagur:** Allir mega koma í náttfötum og taka með sér bangsana sína.
- **Baráttudagur gegn einelti:** Á þessum degi er sérstaklega unnið með vináttu og nánd.
- **Vasaljósadagur:** Allir mega koma með vasaljós og við leikum okkur og skoðum heiminn vasaljósi.
- **Dagur íslenskrar tungu:** Dagurinn er haldinn hátíðlegur og foreldrum gjarnan boðið á hátíð í leikskólanum. Markmið dags íslenskrar tungu er að minna á mikilvægi íslenskrar tungu og gleðjast og fagna sögu hennar, samtíð og framtíð.
- **Desember:** Í aðdraganda jóla er í leikskólanum lögð áhersla á notalegt og rólegt andrúmsloft. Litlu jólin eru haldin hátíðleg með jólaballi þar sem foreldrum, systkinum og fleiri gestum er boðið að koma á og hefð er fyrir því að jólasveinar hafa kíkt á ballið. Foreldrafélagið tekur þátt í jólaballinu með skólanum. Í samverustundum á aðventunni

eru lesnar jólasögur og sungin jólalög, bakaðar piparkökur og börnin búa börnin til jólagjafir handa foreldrum sínum.

- **Dótadagur:** Börnin mega koma með dót af heiman. Miðað er við að leikföngin gefi ekki frá sér mikið hljóð. Stríðsleikföng eiga ekki heima í leikskólanum.
- **Dagur leikskólans:** Dagur leikskólans er í febrúar og er tilgangur hans að kynna leikskólastarfið og efla samvinnu og samstarf við nærsamfélagið. Í tilefni dagsins er opið hús og ýmsir viðburðir í boði.
- **Bollu-, sprengi- og öskudagur:** Á þessum dögum er haldið í hefðir og börnin snæða bollur á bolludaginn og saltkjöt og baunir á sprengidaginn. Á öskudaginn mega börnin koma í furðufötum eða búningum og við höldum öskudagsball í salnum seinni partinn.
- **Árshátíð:** Foreldrum er boðið á leik- og söngsýningu barnanna og boðið er upp á kökur og kakó á eftir.
- **Sumarhátíð:** Í júní er haldinn sumarhátíð í leikskólanum. Markmiðið með sumarhátíð er að hafa gaman saman. Dagurinn er brotinn upp með ýmsum viðburðum, og er tilgangur hans að allir getið notið samverunnar í leik og starfi. Á sumarhátíðinni er einnig útskrift elsta árgangsins.

Samstarfsaðilar, ráð og nefndir

Foreldrar

Foreldrar eru einn helsti samstarfsaðili skólans. Eins og segir í aðalnámskrá leikskóla "Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi.

Foreldrar og aðlögun barna

Við upphaf leikskólagöngu taka foreldrar þátt í skólastarfinu með sínu barni á meðan þátttökuaðlögun fer fram. Hluti af aðlöguninni snýr að því að gefa foreldrum góða innsýn inn í skólastarfið. Foreldrar hafa einnig alltaf aðgang að leikskólastjóra á starfstíma leikskólans. Foreldrar og starfsfólk deila ræða saman óformlega helst alla daga þegar börnin koma og fara. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma til að ræða við starfsfólk og að starfsfólk hlusti vel á hvað þeir hafa fram að færa.

Foreldraráð og foreldrafélagið Leiksteinn

Foreldrafélag leikskólans heitir Leiksteinn og samanstendur af formanni, gjaldkera, ritara og þremur varamönnum. Foreldrafélagið heldur aðalfund að hausti. Foreldrafélagið og leikskólinn standa saman að fyrirlestrum og kynningarefni sem nýtist foreldrum, börnum og starfsfólki en mikið samstarf er einnig við foreldrafélag grunnskólans. Stjórn foreldrafélagsins gegnir líka hlutverki foreldraráðs og fær það til yfirlestrar og umsagnar m.a. skóladagatal skólans og starfsáætlun. Einn stjórnarmeðlimur foreldrafélagsins sinnir hlutverki áheyrnarfulltrúa á

skólanefndarfundum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um félagið inn á heimasíðu sveitarfélagsins skeidgnup.is.

Stjórn Leiksteins

- Matthildur María Guðmundsdóttir, formaður (kosin 2022 til tveggja ára)
- Kristín Eva Einarisdóttir, ritari (kosin 2021 til tveggja ára)
- Hróðný Jónsdóttir, gjaldkeri (kosin 2021 til tveggja ára)
- Gestur Einarsson, varamaður (kosinn 2022 til tveggja ára)
- Hulda Finnsdóttir, varamaður (kosin 2021 til tveggja ára)

Starfsáætlun foreldrafélagsins Leiksteins veturinn 2022-2023

- Október: Stöðufundur með leikskólastjóra . Aðalfundur Leiksteins - kosning stjórnar
- Nóvember: Stjórnarfundur - skipað í stöður. Fundur með leikskólastjóra um fjárhagsáætlun. Starfsáætlun mótuð. Taka stöðuna með jólafundur í samstarfi við foreldrafélag Þjósárskóla
- Desember: Innkaup fyrir litlu jólin. Leiksteinn gefur jólasveinum eitthvað gott í pokann sinn.
- Janúar: Senda út greiðsluseðil fyrir félagsgjöldum. Beiðni um styrk til sveitarfélags
- Febrúar: Fundur stjórnar. Innkaup fyrir öskudagsskemmtun. Leiksteinn gefur góðgæti.
- Mars: Fundur með leikskólastjóra
- Maí: Guggusund. Fundur stjórnar (útskrift og vorhátíð á dagskrá)
- Júní. Vorhátíð. Útskriftargjafir

Þjósárskóli

Mikið og gott samstarf er á milli leikskólans og Þjósárskóla og skipar það stóran þátt í góðri og öruggri færslu barna milli þessara skólastiga. Elstu börn leikskólans (5-6 ára) heimsækja Þjósárskóla átta til níu sinnum í október og nóvember og svo aftur átta til níu sinnum í febrúar til apríl/maí. Einnig koma nemendur í 1. bekk Þjósárskóla í heimsókn í Leikholt einu sinni fyrir áramót og svo aftur einu sinni eftir áramót. Kennarar elstu barna Leikhólts og yngstu barna Þjósárskóla funda reglulega yfir veturinn, skipuleggja starfið og meta framvindu þess. Skólabíll er notaður til þess að koma börnunum til og frá Þjósárskóla. Umsjón með skólaheimsóknum hefur Haukur Vatnar Viðarsson deildarstjóri á Vörðufelli.

Börnunum á Vörðufelli er alltaf boðið á Generalprufu árshátíðar í Þjósárskóla og yngsta stigi í Þjósárskóla sömuleiðis boðið á árshátíð leikskólans.

Samstarfsáætlun skólaársins

Þær hefjast 6. október og verða á fimmtudögum þar til í desember. Lagt verður af stað frá leikskólanum í skólabíl upp úr klukkan 8:30 og komið til baka um klukkan 12, beint í hádegismat. Það þarf ekki að taka neitt með sér, en það mega allir sem vilja taka með	Eftir áramót er eina breytingin sú að nú borðum við í Árnosi áður en við förum til baka í leikskólann. Dagsetningarnar eru: 26.jan, 2.feb, 16.feb, 23.feb 2.mars 9.mars Svo kemur hlé og næsta
--	---

sér skólatösku, pennaveski, og nokkra litj, enda er það mikið sport þegar maður byrjar í skóla.

heimsókn verður 27.apr 4.maí og svo heill skóladagur 11.maí

Tónlistaskóli Árneshvíls

Tónlistaskóli Árneshvíls hefur aðsetur í skólanum en er ekki með kennslu í beinni tengslum við skólann. Börn á leikskólanum sem stunda nám í tónlistaskólanum geta gert það á skólatíma.

Aðrir leikskólar

Formlegu samstarfi við aðra leikskóla hefur ekki verið komið á en vinna þarf stefnu í þeim málum fyrir komandi skólaár. Það er stefna leikskólans og sveitarfélagsins að efla sí- og endurmenntun starfsfólks og hafa verið farnar nokkrar heimsóknir á skólaárinu að skoða aðra leikskóla, bæði með allan hópinn og hluta af starfsmannahópnum. Einnig er fyrirhugað að fara í endurmenntunarferð í maí á þessu ári til Þýskalands meðal annars að skoða leikskóla.

Trúfélög

Samstarf er við trúfélög á svæðinu. Þó aðallega við kirkjuna en presturinn kemur í heimsókn í kringum hátíðir og les eða syngur fyrir g með börnunum. Heimsóknir trúfélaga mega ekki fela í sér trúboð á nein hátt, heldur eru þær fyrst og fremst hluti af fræðslu um trúarbrögð.

Heilsugæsla

Samstarf við heilsugæsluna fer fyrst og fremst í gegnum nýstofnað nemendaverndarráð þar sem hjúkrunarfræðingur situr í ráðinu.

Brunavarnir Árneshvíls

Brunavarnir Árneshvíls sjá um fræðslu um brunavarnir fyrir börn í elsta árgang leikskólans. Verkefni heitir Logi og Glóð og felur í sér allavega eina heimsókn og fræðslustund í leikskólans þar sem slökkviliðsmenn fræða börnin um brunavarnir og Loga og Glóð.

Samstarfsaðilar úr nærsamfélaginu

Ýmsir aðilar í nærsamfélaginu taka þátt í skólastarfinu og má þar helst nefna heimsóknir barnanna á sveitabæi í tengslum við sauðburð og þess háttar. Unnin verður áætlun um hvernig megi efla samstarf við nærsamfélagið og áætlun birt í starfsáætlun næsta skólaárs. Skógræktarfélag á svæðinu gefa leikskólanum reglulega eldivið og hafa gefið plöntur. Einnig hafa ýmis félög á svæðinu styrkt leikskólastarfið í gegnum tíðina. Hefð er fyrir því að félagi eldri borgara er boðið á generalprufu árshátíðar leikskólans.

Skólanefnd sveitarfélagsins

Skólanefndir sveitarfélaga hafa afar þýðingarmiklu, lögbundnu hlutverki að gegna vegna reksturs leik- og grunnskóla í hverju sveitarfélagi. Hlutverkin lúta bæði að faglegum og rekstrarlegum hliðum skólahalds, eftirlitsskyldu en um leið ákveðinni frumkvæðisskyldu

Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Áheyrnafulltrúar leikskólastarfs í skólanefnd eru:

- Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri
- Stjórn foreldrafélagsins hefur skipt því á milli sín að mæta á skólanefndafundi.
- Helga Guðlaugsdóttir kennari og Halla Rún Erlingsdóttir til vara

Áætlanir, stefnur og verkferlar

Starfsþróunaráætlun

Því miður náðist ekki að gera starfsþróunaráætlun fyrir skólaárið vegna stjórnendaskipta en unnið er að nýrri metnaðarfullri starfsþróunaráætlun fyrir næsta skólaár með áherslur nýrrar skólafélagssveitarfélagsins að leiðarljósi meðal annars.

Umbótaáætlun skólaársins

Það sama á við um umbótaáætlun skólaársins og langtímaáætlun innra mats. Leikskólastjóri Leikholts er eigandi fyrirtækisins Geta. Geta er matsfyrirtæki sem býður upp á innra mats kerfi fyrir leik- og grunnskóla. Það er vilji leikskólastjóra að kerfið verði tekið upp á næsta skólaári.

Óveðursáætlun

Unnið er út frá viðmiðum sem slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur gefið út fyrir skóla- og frístundastarf. Miðað er við að tilkynningar berist foreldrum með tölvupósti og á Facebook síðu skólans á milli 7:00 og 7:30. Sjá viðmið SHS í viðhengi.

Fáliðunaráætlun

Viðmið þessi eru sett vegna undirmönnunar sem getur skapast vegna óviðráðanlegra fjarvista starfsfólks.

Skilgreining á undirmönnun er þegar fjöldi barna fer yfir þau mörk að öryggi eða líðan barna og starfsfólks sé óviðunandi og ekki í samræmi við það sem ákveðið var með rekstraraðila.

Séu aðstæður með þeim hætti að einfalda verður starfsemi leikskólans vegna undirmönnunar skal ákvörðun um slíkt vera í höndum leikskólastjóra í samráði við deildarstjóra með hvaða hætti skerðingin verður. Sveitarstjóra er tilkynnt um stöðu mála.

Reynt skal að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal einnig reynt að gefa foreldrum aðvörun ef líkur eru á skertu skólastarfi. Sé dvalartími skertur dregst skerðingin frá dvalargjaldi.

Aðgerðir til einföldunar á starfsemi:	Neyðarráðstafanir þegar allar aðrar leiðir hafa verið reyndar:
<ul style="list-style-type: none">• Frestað að taka inn ný börn• Starfsfólk færast á milli deilda.• Afleysingafólk fengið inn sé þess kostur.• Starfsfólk fresti undirbúningstíma sínum eða vinni hann í yfirvinnu.	<ul style="list-style-type: none">• Dvalartími barnanna skertur.• Þeir foreldrar sem tók hafa á beðnir að sækja börn sín fyrr.• Dvalartími þeirra barna sem eru í vistun allan daginn skertur.

<ul style="list-style-type: none"> • Starfsfólk í hlutastörfum lengi vinnutíma sinn. • Starfsemi leikskólans einfölduð t.d: útivist aukin, hópastarf fellt niður, fleiri börn samtímis í samverustund og þær miðaðar við afþreyingu. (Foreldrar eru upplýstir um breytingarnar ef þær eru verulegar) 	<ul style="list-style-type: none"> • Foreldrum gert að halda barni heima hluta úr degi eða einn dag í viku. • Leikskólinn lokar einstökum deildum fyrir á daginn eða alveg heilan dag. • Leikskólastjóri ákveður í samráði við deildarstjóra eftir hvaða fyrirkomulagi er farið hverju sinni ef senda þarf börn heim. Foreldrar eru eindregið hvattir til að láta vita sem fyrst fyrir hvern dag, ef um veikindi eða forföll barna er að ræða.
--	---

Viðbragðsáætlanir

Viðbrögð við slysi

Viðbrögð við áföllum

Viðbrögð við jarðskjálfta

Viðbrögð við eldsvoða

Rýmingaráætlun

Drög að viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað